

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2024

2024/EES/92/24

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/888 frá 22. mars 2024 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni til notkunar í sæfivörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12ZZZZZZZZZZ (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/787) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12ZZZZZZZZZZs. **32024 D 0888**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/888 frá 22. mars 2024 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni til notkunar í sæfivörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/888, 26.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/888, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/888, 26.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/888/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.